



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 12. OKTÓBER 2006

FJÁRMAGNS- TEKJUSKATTUR VERÐI EKKI HÆKKAÐUR

Samfara góðu gengi á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarin ár hafa fjármagnstekjur þjóðarinnar vaxið af miklum hraða. Með stærri hlutdeild fjármagnstekjuskatts hefur umræddur tekjustofn vakið aukna athygli ákveðinna stjórnámálamanna.

Lagt hefur verið fram frumvarp þar sem kveðið er á um að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður í 18% þegar í stað. Markmið frumvarpsins er annars vegar að auka tekjur ríkissjóðs og hins vegar að sporna við ætluðu óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagns- og launatekna. Viðskiptaráð telur frumvarpið hvorki til þess fallið að vinna gegn óréttlæti og því síður líklegt til að auka tekjur ríkisins.

HÆRRA SKATTHLUTFALL MINNKAR TEKJUR

Markmið hækkanar fjármagnstekjuskatts er sagt vera aukning á tekjum ríkissjóðs. Er þar um misskilning á orsakatengslum að ræða því reynsla síðustu ára gefur skýrt til kynna að búast megi við hinu gagnstæða. Þannig hafa skattalækkanir skilað ríkissjóði síauknum tekjum og þar hefur skattur á fjármagnstekjur vaxið með meiri hraða en nokkur annar skattstofn. Að sama skapi hefur lækkun tekjuskatts fyrirtækja skilað sér með sívaxandi tekjum ríkissjóðs, enda er réttlátt skattkerfi ein af meginforsendum blómlegs atvinnulífs.

Það eru ýmis rök sem hníga í þá átt að hækkan á fjármagnstekjuskatti væri þjóðhagslega óhagkvæm. Með vaxandi frelsi í fjármagnsflæði hefur reynst enn mikilvægara að hafa samkeppnishæft skattkerfi. Fjármagn er kvikur skattstofn og því er hvers kyns skerðing á rekstrarskilyrðum fyrirtækja eða fjármagnseigenda óskynsamlegur kostur. Eðli málsins samkvæmt leitar fé þangað sem það getur skapað mestan arð.

... hafa skattalækkanir skilað ríkissjóði síauknum tekjum...

*... verulega yrði dregið úr
framfarvaxtarmöguleikum
landsins...*

Hækkun fjármagnstekjuskatts gengi þvert á þær hugmyndir sem uppi hafa verið um Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála og myndi höggva skarð í þær efnahagslegu framfarir sem hafa átt sér stað á undanförunum árum. Þar sem verulega yrði dregið úr framfarvaxtarmöguleikum landsins telur Viðskiptaráð að skatttekjur ríkissjóðs myndu dragast saman við hækkun fjármagnstekjuskatts, sérstaklega til lengri tíma litið.

Skattalækkun getur stuðlað að auknum skatttekjum. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja sýnir ótvírætt að ríkið getur lækkað skatthlutföll og skatta en aukið tekjur sínar um leið. Enn frekari skattalækkanir eru mögulegar, þar með talið tekjuskattur einstaklinga, tekjuskattur fyrirtækja, virðisaukaskattur, tollar og vörugjöld. Aukinheldur geta auknar tekjur ríkisins ekki talist markmið í sjálfu sér. Víða er hægt að draga úr umsvifum og útgjöldum ríkisins og þar með minnka tekjuþörf ríkissjóðs.

MISSKILIN SKATTLAGNING

Auðvelt að falla í þá gryfju að telja fjármagnstekjuskatt óeðlilega lágan samanborið við tekjuskatt. Tölurnar gefa það óneitanlega til kynna, enda er skatthlutfall fjármagnstekna 10% samanborið við 36,72% skattlagningu launa. Því fer þó fjarri að þar með sé öll sagan sögð.

*... auðvelt að falla í þá gryfju
að telja fjármagnstekjuskatt
óeðlilega lágan...*

Það sem helst ber að nefna er sú staðreynd að skattheimta hefur þegar átt sér stað, hvort sem um er að ræða fjármagnstekjur í formi arðgreiðslna eða söluhagnaðar. Til að hægt sé að greiða arð af fyrirtæki þarf það jafnan að skila hagnaði. Fyrst er greiddur 18% tekjuskattur af hagnaði fyrirtækisins og svo 10% fjármagnstekjuskattur sem þýðir alls um 26,2% skattur.

Það kann að hljóma undarlega, en sama skattlagning á sér stað þegar fjármagnstekna er aflað í formi söluhagnaðar. Verðmæti bréfa ræðst af því framtíðarsjóðstreymi sem markaðurinn telur að viðkomandi fyrirtæki komi til með að skila. Skynsamur markaður metur því aðeins þann hagnað sem skilar sér eftir skatta. Þannig er þegar búið að taka tillit til framtíðarskattheimtu af fyrirtækinu í virði bréfanna. Því er um sömu tvísköttun að ræða.

Skattleysismörk gera samanburð á fjármagnstekju- og tekjuskatti enn torsóttari, enda enginn persónuafsláttur gefinn af fjármagnstekjuskatti. Því er aldrei um minna en 26,2% skattheimtu að ræða af fjármagnstekjum en skattur af launatekjum getur legið á bilinu 0% - 36%, þar sem hlutfallið hækkar samfara launum.

*... virk skattheimta af
fjármagnstekjum er enn hærri...*

Til viðbótar eru ýmsir annmarkar á skattkerfi ríkisins sem verða þess valdandi að virk skattheimta af fjármagnstekjum er enn hærri en ella. Þar ber helst að nefna verðbólguáhrif, en skatturinn er reiknaður útfra nafnávöxtun í stað raunávöxtunar, eins og eðlilegra væri.

... má því segja að hann borgi hreinan og kláran eignaskatt...

... má ekki gleyma því að fjárfestingar eru í flestum tilfellum beint framlag til atvinnusköpunar ...

... enda leiðir hærri skattprósenta til minni arðsköpunar...

Til að skýra þetta betur er best að taka dæmi. Verðbólga á skattaárinu 2006 verður sennilega nærri 8% og því mun ekki nást raunávöxtun á fjármagni nema virðisaukinn verði umfram þessi 8%. Hafi einstaklingur átt hlutabréf frá því í janúar og selji þau í desember, 8% yfir upphaflegu kaupverði, leynist engum sú staðreynd að hann hefur ekkert hagnast á kaupunum. Engu að síður þarf hann að greiða 0,8% af söluvirði bréfanna í fjármagnstekjuskatt og má því segja að hann borgi hreinan og kláran eignaskatt. Eins og Viðskiptaráð hefur áður nefnt er slík skattheimta með öllu óviðunandi.

ÓLÍKIR SKATTSTOFNAR

Það er full ástæða til að aðskilja fjármagnstekjur frá launatekjum, enda er eðli þeirra afar ólíkt. Við öflun fjármagnstekna hefur viðkomandi aðili bundið peninga sína í fjárfestingu af einhverju tagi. Því fylgir bæði áhætta og kostnaður og því eðlilegt að taka tillit til þess með lægra skatthlutfalli. Í þessu samhengi er ástæða að benda á þann möguleika að fjármagnseigandi beri tap af fjárfestingu sinni sem er alls kostar útilokað í venjulegri launavinnu. Almennur launþegi tekur enga fjárhagslega áhættu við öflun tekna sinna og ber ekki beinan kostnað af vinnu sinni. Auk þess má ekki gleyma því að fjárfestingar eru í flestum tilfellum beint framlag til atvinnusköpunar í landinu. Viðskiptaráð telur því misræmi í skattlagningu tekju- og fjármagnstekjuskatts byggt á eðlilegum forsendum og síst halla á hlut launþega.

Þeir sem talað hafa fyrir hærri fjármagnstekjuskatti hafa meðal annars haldið því fram að með því væri stuðlað að meira réttlæti í samfélaginu. Viðskiptaráð leyfir sér að draga í efa að með skattheimtu sé hægt að auka eða fullnægja einhverju illa skilgreindu réttlæti. Það er hinsvegar mikilvægt að skattar séu sem réttlátastir þegar þeir eru lagðir á og innheimtir með sem réttlátustum hætti.

Markmið skattheimtu er, og hefur alltaf verið, að skapa ríkinu tekjur til að standa undir velferðarkerfi. Eins og hefur verið bent á, þjónar hækkun skattprósentu ekki þessu markmiði, enda leiðir hærri skattprósenta til minni arðsköpunar sem skilar sér í lægri skatttekjum. Ef markmið skattheimtu verður tekjujöfnun en ekki tekjuöflun mun skattheimtan bæði verða óskilvirkari sem og ógagnsærri. Það er vert að leiða hugann að því hvort umræða um þessi mál sé á villigötum, því eðlilegra væri að aðskilja tekjuöflun ríkis annars vegar og tekjujöfnun og velferð hins vegar.

LAKARI REKSTRARSKILYRÐI

Önnur óbein vandamál skapast við hækkun fjármagnstekjuskatts. Aukin skattheimta af fjármagnstekjum myndi hækka ávöxtunarkröfu fjárfestinga. Ætli einstaklingur sér að ná sömu ávöxtun af fjárfestingu þar sem skattur hefur verið hækkaður úr 10% í 18% þyrfti ávöxtunin að hækka um 9,7% og því líklegt að

*... gera Ísland eins vel í stakk
búið til fjármálastarfsemi og
unnt er...*

mörg verkefni yrðu tekin af teikniborðinu. Með sama hætti má rökstyðja að hærri fjármagnstekjuskattur ýti undir skuldsetningu fyrirtækja þar sem ávöxtunarkrafa á eigið fé kæmi til með að hækka.

Það ætti að vera forgangsverkefni stjórnvalda að skapa aðlaðandi umhverfi fyrir fjárfestingar hérlandis og gera Ísland eins vel í stakk búið til fjármálastarfsemi og unnt er. Eins og dæmin sanna er engin önnur atvinnugrein jafn vel til þess fallin að skapa einstaklingum og fyrirtækjum háar tekjur. Þá myndi heldur engin atvinnugrein vera eins vel til þess fallin að skila miklum skatttekjum í ríkissjóð. Staðreyndin er sú að hækkun fjármagnstekjuskatts myndi draga úr fjárfestingum erlendra aðila hérlandis. Stjórnvöld eiga að hafa dug og framsýni til að bæta rekstarkilyrði hérlandis, en ekki veikja þau.

MISRÁÐIÐ AÐ HÆKKA SKATT Á FJÁRMAGNSTEKJUR

Hækkun fjármagnstekjuskatts mun draga úr erlendum fjárfestingum hérlandis sem mun minnka skatttekjur ríkisins. Útreikningar ráðsins sýna að hið meinta óréttlæti sem talið er felast í því að lægri skattar eru greiddir af fjármagnstekjum er ekki til staðar. Þvert á móti greiða margir launþegar hlutfallslega lægri skatt en greiddur er af fjármagnstekjum. Viðskiptaráð leggst því gegn því að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður.

Viðskiptaráð vekur athygli á hugmyndum sínum um 15% flatan skatt sem kynntar voru á Viðskiptaþingi 2005. Í hugmyndunum er komið til móts við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur með tekjutengdum persónuafslætti og hærri barnabótum. Sýnt er fram á að tillagan gæti þýtt að skattar á hverja umframkrónu sem lág-eða meðaltekjufólk aflar lækki um allt að 20%. Háir jaðarskattar búa til fátækragildru og eru vinnuletjandi en hugmyndir ráðsins miða fyrst og fremst að lækkun þeirra. Því til viðbótar áréttar Viðskiptaráð að lækkun skatta er góður hvati fyrir stjórnvöld að skoða af fullri alvöru leiðir til sparnaðar og ráðdeildar í ríkisrekstri.

Nánari upplýsingar veita Davíð Þorláksson, lögfræðingur Viðskiptaráðs, og Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í síma 510 7100.